

Orðanefnd L.Í. - 113

Fundur var haldinn mánudaginn 10. febrúar 2025 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 113. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir og Magnús Jóhannsson höfðu boðað óvænt forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 112. fundar (13. janúar 2025), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var yfirfarin og formlega samþykkt.

2. Orðalistar úr nýju verkefni:

Á síðasta fundi hafði verið ákveðið að ensku orðin **primary** og **secondary** í samsettum læknisfræðiheimum yrðu tekin til skoðunar. Við undirbúning þessa fundar komst JHJ að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að auka við verkefnið með tengdum heitum og að fara fyrst yfir heitin **idiopathic**, **essential** og **spontaneous** í tengslum við heitið **primary**. Við athugun hans kom í ljós að fjöldi mismunandi samheita var alveg óvenjulegur, bæði á ensku og íslensku. Þar að auki höfðu mörg íslensku aðal- og samheitanna verið skráð á fleiri en eitt enskt grunnheiti í Íðorðasafni lækna þannig að þau tengdu ensku heitin á óæskilega flókinn hátt og aðgreindu merkingu hvers og eins heitis ekki nógu vel.

JHJ lagði því fram tvo orðalista til yfirferðar á fundinum, þann fyrri með grunnfærslunum: **idiopathic**, **essential**, **spontaneous** og **primary** og þann síðari með öllum færslunum þar sem **idiopathic** og **essential** koma fyrir í Íðorðasafni lækna. Listar með **spontaneous**, **primary** og **secondary** verða svo lagðir fram á næsta fundi.

Framlagðir orðalistar, sem sendir höfðu nefndarmönnum í tölvupósti fyrir fundinn, voru síðan teknir til yfirferðar og umræðu og margvíslegar lagfæringar, breytingar og viðbætur gerðar. Endanlegur frágangur þeirra til birtingar í Íðorðabankanum mun hins vegar bíða eftir niðurstöðum næsta fundar.

Önnur mál:

Nokkru fyrir fundinn höfðu allir nefndarmenn fengið bréf frá stjórn Læknafélags Íslands, undirritað af Steinunni Þórðardóttur formanni félagsins og dagsett 29. janúar 2025.

Þar kom fram að skipunartími nefndarmanna væri runninn út og, þar sem stjórnin hafði ekki fengið upplýsingar um annað en að þeir væru tilbúnir til að sitja áfram í nefndinni, voru þeir skipaðir áfram til næstu þriggja ára. Jafnframt var nefndinni þakkað mikilvægt og ötult starf og nefndarmönnum óskað áframhaldandi velfarnaðar í störfum sínum í Orðanefnd Læknafélags Íslands.

Næsti fundur: Gert er ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 10. mars 2025 kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.